



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

7. 4. 2005

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Neytendastofu og talsmann neytenda

Samtökum atvinnulífsins hafa borist til umsagnar frumvarp til laga um Neytendastofu og talsmanna neytenda, 592. mál.

Með frumvarpinu er annars vegar sett á stofn Neytendastofa sem tekur við stjórnsluverkefnum á sviði neytendamála, vöruöryggismála, opinberrar markaðsgæslu, mælifræði og rafmagnsöryggismála. Hins vegar er stofnað embætti talsmanns neytenda sem hefur það hlutverk að standa vörð um hagsmuni og réttindi neytenda og stuðla að aukinni neytendavernd.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir auknu starfi ríkisins að neytendamálum og neytendavernd. Samtök atvinnulífsins hafa vissar efasemdir varðandi þá stefnu og telja að lágmarka beri umfang opinbers eftirlits og færa það frekar til fyrirtækja eða styðja eftir atvikum starfsemi frjálsra félagsamtaka. Samtökin draga því mjög í efa að þörf sé á að setja á stofn embætti talsmanns neytenda.

Hvað varðar einstök efnisatriði frumvarpsins er gerð athugasemd við ákvæði 8. gr. um skyldu fyrirtækja til upplýsingagjafar. Talmaður neytenda skal annast hagsmunagæslu fyrir neytendur. Það er hans hlutverk. Hann hefur ekki með höndum stjórnsluverkefni svo sem eftirlit með lagaframkvæmd. Það er á verksviði Neytendastofu. Engin rök eru því til þess að talsmaður neytenda eigi að hafa sérstaka heimild til að krefjast dómsúrskurðar til að knýja fyrirtæki til að veita þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar, sbr. ákvæði 8. gr. frumvarpsins. Einkanlega þar sem óljóst er að hvaða marki talsmaðurinn er bundinn trúnaði en um getur verið að ræða mjög viðkvæmar upplýsingar t.d. varðandi rekstur fyrirtækja eða viðskiptamenn þess.

Þagnarskylda talsmanns neytenda tekur samkvæmt 9. gr. frumvarpsins til atriða sem hann verður áskynja um í starfi sínu og “leynt eiga að fara”. Ekki er skilgreint nánar hvaða viðmið beri að leggja til grundvallar, t.d. að trúnaðar hafi verið óskað um veittar upplýsingar eða að upplýsinganar eigi að fara leynt vegna lögmætra hagsmuna.

Samtök atvinnulífsins leggja því til að 2. málslíður 8. gr. um upplýsingaskyldu fyrirtækja og samtaka verði felldur niður.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Verði ekki fallist á það er lagt til að ákvæði 3. mgr. 8. gr. um heimild talsmanns neytenda til að krefjast úrskurðar dómstóla verði felldur niður. Erfitt er að sjá hvaða rök standa til þess að talsmaður neytenda hafi rýmri heimildir í þessu efni en Neytendastofa. Einnig er lagt til að ákvæði 9. gr. frumvarpsins um þagnarskyldu verði skilgreint nánar, sbr. hér að ofan.

Virðingarfyllst,

Hrafnhildur Stefánsdóttir
yfirlögfræðingur

